

Fyrirspurn

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um eftirlit með hvalveiðum.

Frá Katrínu Jakobsdóttur.

1. Hvernig var háttáð eftirliti með hvalveiðum sem fara átti fram sumarið 2014 samkvæmt svari ráðherra við fyrirspurn á þskj. 1303 á 143. löggjafarþingi?
2. Hvað skýrir þá afstöðubreytingu ráðherra að samkvæmt svarinu yrðu upplýsingar um dauðatíma hvala sem aflað yrði sumarið 2014 ekki gerðar opinberar en áður hafði ráðherra hins vegar í svari við óundirbúinni fyrirspurn 7. apríl 2014 fullyrt að upplýsingarnar yrðu gerðar opinberar?
3. Telur ráðherra það vera í samræmi við upplýsingalög að veita almenningi ekki aðgang að niðurstöðum eftirlits á vegum Fiskistofu, sem er opinber stofnun og fellur því undir gildissvið upplýsingalaga?
4. Verða upplýsingar sem aflað hefur verið um hvalveiðar, bæði sumarið 2014 og í öðru eftirliti, kynntar Alþjóðahvalveiðiráðinu eins og sáttmáli ráðsins kveður á um, þar á meðal upplýsingar um lýsi, mjöl og þess háttar?
5. Hver var samanlagður kostnaður af áðurnefndu eftirliti og hvernig var fjármögnun þess háttáð?

Skriflegt svar óskast.